

Föstudagur, 18. maí 2007

Ákvörðun nr. 18/2007

Samruni Birtings útgáfufélags ehf. og Útgáfufélagsins Fögrudyr ehf.

I.

Með bréfi Egils Þorvarðarsonar hdl. f.h. Birtings útgáfufélags ehf. og Útgáfufélagsins Fögrudyr ehf., dags. 5. febrúar 2007, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup Birtings útgáfufélags ehf. (Birtings) á öllu hlutafé í Útgáfufélaginu Fögrudyrum ehf. (Fögrudyrum). Bréfinu fylgdi samrunatilkynning þar sem framsetning tók mið af viðauka í reglum nr. 881/2005¹ um tilkynningu samruna auk samninga Birtings um kaup á öllum hlutum í Fögrudyrum. Þá fylgdi tilkynningunni ársreikningur Fögrudyr fyrir árið 2006. Að mati Samkeppniseftirlitsins var samrunatilkynningin ekki fullnægjandi þar sem nokkuð skorti á að í henni kæmu fram upplýsingar um samrunann skv. áðurnefndum reglum um tilkynningu samruna. Var Birtingi tilkynnt um þetta með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 2. mars 2007. Fullbúin tilkynning barst Samkeppniseftirlitinu þann 3. apríl, ásamt frekari gögnum, s.s. ársreikningum Birtings, Dagblaðsins Vísis útgáfufélags ehf. og Hjálms ehf. vegna ársins 2006 auk vottorða úr fyrirtækjaskrá um samrunaaðila og tengd félög.

II.

Samkvæmt samrunatilkynningunni eru aðilar samrunans tveir, Birtingur og Fögrudyr. Í tilkynningunni segir að meginstarfsemi beggja samrunaaðila felist í útgáfustarfsemi. Tilgangur Birtings samkvæmt hlutafélagaskrá sé útgáfa tímarita, bókaútgáfa og skyldur rekstur. Kemur fram að Birtingur hafi í september 2006 tekið yfir útgáfu tímarita Tímaritaútgáfunnar Fróða ehf. og hafið sjálfstæða útgáfu tímarita. Þá segir að Birtingur gefi m.a. út tímaritin Mannlíf, Nýtt líf, Vikuna, Séð og heyrt, Hús og híbýli og Gestgjafann.

¹ Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).

Um Fögrudyr segir að félagið hafi verið stofnað á síðari hluta ársins 2006. Það hafi gefið út tímaritið Ísafold en af því tímariti hafi komið út tvö tölublöð á árinu 2006 og jafnframt hafi félagið átt útgáfuréttinn af tímaritunum Hér og nú og Veggfóðri. Samkvæmt hlutafélagaskrá sé tilgangur Fögrudyra alhliða útgáfustarfsemi, kynningar- og almannatengslastarfsemi og fleira. Þá segir að frá og með 1. febrúar 2007 hafi Birtingur gefið út tímaritið Ísafold en útgáfa Hér og nú og Veggfóðurs hafi verið stöðvuð um óákveðinn tíma.

Um markmið samrunans segir að hann sé að ná frekari hagræðingu á starfsemi Birtings með endurskipulagningu á útgáfu tímarita. Birtingur muni þannig taka yfir útgáfu tímarita Fögrudyra. Fyrirhugað sé að útgáfutíðni tímarita muni breytast, önnur muni koma út í breyttri mynd og útgáfu einhverra hætt í óákveðin tíma.

Að mati samrunaaðila er sá vörumarkaður sem til skoðunar er í máli þessu útgáfa og sala tímarita. Landfræðilega markaðinn telja aðilar vera landið allt.

Í tilkynningu aðila kemur fram að félag um eignarhald á þeim tímaritum sem Birtingur eignaðist útgáfuréttinn að í september 2006, hafi tvisvar orðið gjaldþrota á síðastliðnum þremur árum. Samkvæmt rekstrarreikningi hafi tap þess félags á árinu 2005 numið [...]² og vegna reksturs þess á tímabilinu janúar 2006 til júlí s.á., eða þar til Birtingur tók við útgáfu tímaritanna, hafi tapið numið [...]³. Uppsafnað tap á rekstri útgáfufélagsins á þessu tímabili hafi því verið verulegt. Með því að taka yfir útgáfuréttindi gjaldþrota félags og bjóða þeim starfsmönnum sem áður störfuðu hjá félaginu að fylgja tímaritunum sem það hafði gefið út hafi hið nýja félag skapað a.m.k. 70 einstaklingum störf við blaðamennsku, störf sem að öðrum kosti hefðu lagst af.

Til viðbótar ofangreindum upplýsingum frá aðilum aflaði Samkeppniseftirlitið ýmissa gagna í því skyni að meta áhrif samrunans á samkeppni.

3.

Að mati Samkeppniseftirlitsins fela framangreind kaup Birtings á öllu hlutafé Fögrudyra í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn af þeim sökum undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

4.

Að mati Samkeppniseftirlitsins mun samlegðaráhrifa samrunans einkum gæta í kostnaði félaganna vegna útgáfu og prentunar tímarita og mun hið sameinaða félag hafa með höndum töluverðan hluta þeirra tímarita sem eru gefin út á Íslandi. Athuganir Samkeppniseftirlitsins gefa hins vegar til kynna að eins og máli þessu er háttað muni samruninn ekki hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif. Í þessu sambandi verður ekki litið framhjá sérstöðu þess markaðar sem um ræðir. Íslenskum tímaritamarkaði hefur farið mjög hnignandi undanfarin ár og hafa

² Fellt út vegna trúnaðar.

³ Fellt út vegna trúnaðar.

útgefendur íslenskra tímarita átt erfitt uppdráttar síðastliðin misseri. Í því sambandi má nefna að félag um eignarhald á þeim tímaritum sem Birtingur eignaðist útgáfuréttinn að 1. september 2006 hefur tvisvar verið tekið til gjaldþrotaskipta á síðastliðnum þremur árum og [...]⁴. Sökum umræddrar bágrar fjárhagsstöðu fæst ekki séð að samruni þessa máls sem slíkur sé til þess fallinn að hafa áhrif á samkeppni á þessum markaði.

Að öllu framansögðu virtu og með hliðsjón af gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að samruni Birtings og Fögrudyrna muni ekki hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif. Er því ekki talin ástæða til þess að aðhafast frekar vegna hans á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

Ákvörðunarorð:

„Með kaupsamningum, dags. 28. desember 2006, keypti Birtingur útgáfufélag ehf. allt hlutfé í Útgáfufélaginu Fögrudyrum ehf. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

⁴ Fellt út vegna trúnaðar.